



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/32

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 / 470

Komudagur 31 / 11 1992

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-(9)-1-681612
Telefax: +354-(9)-1-689664

23. janúar 1992

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,
b.t. fr. Rögnu Árnadóttur, nefndarritara,
Alþingi v. Austurvöll,
150 Reykjavík.

Efni: Um frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands, 127. mál.

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 2. desember s.l. var Sambandi íslenskra tryggingafélaga sent til umsagnar frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands, 127. mál.

Stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga þakkar, að henni skuli gefinn kostur á því að tjá sig um þingmál þetta, og leyfir sér af þessu tilefni að hreyfa eftirfarandi atriðum:

1. Í því frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu Íslands, sem hér er til umfjöllunar, felast ekki stórfelldar breytingar miðað við gildandi lög. Í frumvarpinu er þó að finna nokkur mikilvæg nýmæli, sem m.a. fela í sér eðlilegri og skýrari reglur um, hvaða eignir sé skylt að váttryggja og hvaða eignir skuli heimilt að tryggja. Þá er í frumvarpinu nokkur ákvæði, sem lúta að því að færa reglur um viðlagatryggingu til samræmis við reglur almenns váttryggingarréttar. Með því er dregið úr ýmsum óþörfum sérreglum um þessa grein váttrygginga, og er það vel.
2. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir orðrétt: "Allar kröfur á hendur Viðlagatryggingu Íslands fýrnast á tveimur árum frá lokum náttúruhamfara þeirra, sem orsökðu tjónið." Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 88/1982 um Viðlagatryggingu Íslands. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, er ekkert vikið nánar að þessu ákvæði. Hefði þó verið nokkur þörf á því, þar sem fyrningarregla frumvarpsins er allt önnur og stórum lakari fyrir tjónþola en almennt tíðkast í váttryggingarrétti.

Í 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, en þau lög marka sem kunnugt er m.a. "leikreglur" um samskipti váttryggingartaka og váttryggingarfélaga, er að

finna þá grundvallarreglu, að bótakröfur á hendur váttryggingarfélagi fyrnist á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Bótakröfurnar fyrnast þó í síðasta lagi 10 árum frá því váttryggingaratburður gerðist. Í þessu sambandi má og nefna, þar sem viðlagatrygging er lög- mælt váttrygging, að fyrningarreglur krafna skv. lög- bundnum ökutækjatrýggingum eru hinar sömu og mælt er fyrir um í váttryggingarsamningalögum, sbr. áréttingu þar um í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Að mati stjórnar Sambands íslenskra tryggingafélaga mæla engin rök með því, að kostur váttryggingartaka og hinna váttryggðu skuli í lögum um viðlagatryggingu þrengdur og gerður stórum verri hvað fyrningu varðar en almennt tíðkast í váttryggingarrétti. Er þetta ekki í nokkru samræmi við þá viðleitni að færa ákvæði um viðlagatryggingu meira í átt til reglna hins almenna váttryggingarréttar. Þessi fortakslausi 2 ára fyrning- arfrestur er allt of skammur, enda er vel hugsanlegt, að t.d. ýmsar afleiðingar eftir jarðskjálfta komi ekki fram fyrir en að liðnum þessum tíma, svo að eitt einfalt skýringardæmi af handahófi sé nefnt. Gerist slíkt, yrði bótakrafa tjónþola á hinn bóginn fyrnd.

Með vísan til ofanritaðs leggur stjórn Sambands ís- lenskra tryggingafélaga til, að 2. mgr. 17. gr. frum- varpsins verði breytt og hljóði svo: "Bótakröfur á hendur Viðlagatryggingu Íslands fyrnast eftir reglum 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga."

3. Í 2. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að váttrygg- ingarfélag, sem innheimta viðlagatryggingariðgjöld, skuli velja einn stjórnarmann af fimm og annan til vara. Er þetta ákvæði efnislega samhljóða gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Í framkvæmd hefur þetta ákvæði þó verið þannig, að heilbrigðis- og trygg- ingamálaráðuneytið hefur jafnan falið stjórn Sambands íslenskra tryggingafélaga að boða til fundar með vá- tryggingarfélagunum í því skyni að velja fulltrúa fél- aganna í stjórn stofnunarinnar. Að mati stjórnar Sam- bands íslenskra tryggingafélaga er eðlilegra og viður- hlutaminna að Sambandi íslenskra tryggingafélaga verði beint falið að tilnefna fulltrúa váttryggingarfélaganna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands. Slíkan tilnefn- ingarrétt Sambands íslenskra tryggingafélaga er að finna í lögum, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál, sem mæla fyrir um að Samband íslenskra tryggingafélaga tilnefni í stjórn Brunamála- stofnunar ríkisins.

Að öðru leyti en því, sem hér að ofan hefur verið rakið, er stjórn

Sambands íslenskra tryggingafélaga sammála ákvæðum lagafrumvarps-
ins um Viðlagatryggingu Íslands og mælir eindregið með því, að
það nái fram að ganga á Alþingi hið fyrsta.

Með vinsemd og virðingu
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson